

Nafn ökutækjaleigu:	Kennitala:	Sími:	Netfang:
Heimilisfang:	Póstnúmer:	Sveitarfélag:	
Fylgiskjöl: <input type="checkbox"/> Afrit rekstrarleyfis <input type="checkbox"/> Yfirlýsing(ar) eignarleigu	Nafn eignarleigu:		

Með umsókn er sótt um heimild til lækkunar á vörugjaldi ökutækja sem eingöngu eru nýtt til útleigu hjá ökutækjaleigu. Yfirlýsing vegna lækkaðs vörugjalds tekur til allra ökutækja sem njóta lækkaðs vörugjalds innan gildistíma heimildarnúmers.

Umsækjandi hefur kynnt sér og skuldbindur sig til að hlíta þeim skilyrðum sem sett eru með lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum vegna lækkaðs vörugjalds. Hér skulu sérstaklega tilgreind skilyrði bráðabirgðaákvæðis XIX. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og 14. gr., 20. gr., 21. gr. og 22. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald. Lækkun vörugjalds getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en 400.000 kr. á hvert ökutæki og er háð því skilyrði að næstu 15 mánuði eftir kaup ökutækis verði nýtingu þess og starfsemi ökutækjaleigu hagað í samræmi við framangreind ákvæði. Uppfylli ökutækið ekki skilyrði til lækkunar vörugjalds skulu þau greidd í samræmi við framangreind ákvæði. Eftirtalin eru helstu skilyrði fyrir lækun vörugjalds en nánar er kveðið á um þau í framangreindum ákvæðum:

- Ökutækin séu skráð á ökutækjaleigu sem hefur leyfi frá Samgöngustofu til reksturs ökutækjaleigu, skráð sem bílaleigubifreið og tryggt sem slík. Jafnframt er lýst yfir vitneskju um að lögveð sé í viðkomandi ökutæki fyrir ógreiddu vörugjaldi. Sé skráður eigandi eignarleiga skal hún afhenda töllyfirlýðingum yfirlýsingu þar sem hún staðfestir vitneskju um skilyrði til lækkunar vörugjalds og lögveð fyrir ógreiddu vörugjaldi.
- Ökutækjaleiga skal haga starfsemi sinni að öllu leyti í samræmi við ákvæði laga um leigu skráningarskyldra ökutækja.
- Ökutækin skulu eingöngu nýtt til útleigu hjá ökutækjaleigu sem er skráð fyrir þeim. Við mat á því skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri ökutækjanna með framlagningu leigusamninga, sem uppfylla skilyrði 9. gr. reglugerðar nr. 840/2015, auk upplýsinga um stöðu akstursmælis við upphaf og lok leigusamnings.
- Ökutækjaleigan gangist undir skuldbindingu þess efnis að hún muni kaupa inn ökutæki sem falla undir gildissvið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt á árunum 2021 -2022 sem nemi eftirfarandi hluta heildarinnkaupa ökutækja hvort ár:
  - 15% árið 2021,
  - 25% árið 2022.

Ökutæki sem falla undir gildissvið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 eru rafmagns, vetnis- og tengiltvinnbifreiðar. Ökutækjaleiga skal eigi síðar en 15. janúar næsta almanaksárs afhenda töllyfirlýðingum skýrslu á því formi sem töllyfirlýðing ákveða þar sem gerð er grein fyrir því hvernig staðið hafi verið við skuldbindingu a - og b-liðar 3. tölulíðar 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis XIX í lögum nr. 29/1993. Hafi ökutækjaleiga ekki staðið við skuldbindinguna skal hún greiða mismun af öllum ökutækjum sem hafa tekið lækun skv. 1. mgr. á innkaupsári í ríkissjóð að viðbættu 10% álagi eigi síðar en fyrsta virka dag febrúarmánaðar næsta almanaksárs eftir innkaupsár.

- Sé ökutæki notað til annars en útleigu hjá ökutækjaleigu sem er skráð fyrir því, er töllyfirlýðing heimilt að innheimta fullt vörugjald samkvæmt aðalflokki 3. gr. laga nr. 29/1993 með 50% álagi.
- Ökutæki sem falla undir gildissvið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt þurfa að uppfylla skilyrði 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis XIX laga nr. 29/1993 þegar kemur að nýtingu og skráningu í 15 mánuði frá kaupum ökutækis.
- Ökutækjaleiga skal haga bókhaldi sínu þannig að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri þeirra bifreiða sem nutu lækkaðs vörugjalds. Töllyfirlýðing geta án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um.
- Óheimilt er að umskrá ökutæki sem notið hefur lækun á vörugjaldi nema með leyfi töllyfirvalda og gegn greiðslu hluta eftirgefins vörugjalds, í réttu hlutfalli við þann tíma sem eftir er miðað við heildartíma kvaðar.
- Nýti ökutækjaleiga ívilnun samkvæmt heimild ákvæðis til bráðabirgða XVIII til að lækka skráða losun húsbíla getur hún ekki nýtt ívilnun samkvæmt ákvæði þessu vegna sama ökutækis.

Fyrirkomulag tollafræðislu ökutækja sem falla undir gildissvið bráðabirgðaákvæðis XIX í lögum nr. 29/1993 verður með þeim hætti að ökutækjaleiga, innflytjandi ökutækis eða tollmiðlari sendir rafrænt tollskýrslu með tilvísun UND LÖT33 og gildu heimildanúmeri. Á grundvelli tilvísunar munu töllyfirlýðing lækka vörugjald, skv. gildandi heimild og skuldfæra aðflutningsgjöld samkvæmt almennum reglum um greiðslufrest sbr. XV. kaffa tollalaga nr. 88/2005. Ökutækjaleiga skal einnig notast við heimildanúmer sitt vegna ökutækja sem falla undir gildissvið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt fyrir þau ökutæki sem þau hyggjast nota í rekstri sínum, sbr. 3. tl. 1. mgr. XIX. bráðabirgðaákvæðis við lög nr. 29/1993.

Ákvörðun töllyfirvalda <input type="checkbox"/> Staðfest/sampykkt <input type="checkbox"/> Hafnað	F.h. ökutækjaleigu	
Undanþágulykill:	Heimildanúmer:	Gildir til:
<p>Undirritaður lýsir því yfir að hann hlítir öllum þeim skilmálum sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum um niðurfellingu/lækkun á vörugjaldi vegna ökutækjaleigu.</p>		